

7. Kennið börnunum að elska dýrin.
Lesbók Morgunblaðsins
X. árg. 1935. 17. tbl. 1935.
bls. 132 - 134.

Handritið að grein þessari finnst
ekki og mun nú að líkindum glatað.

yður hjer! Þakka yður fyrir síðast!

Þar voru mæðgurnar komnar.


— Megum við setjast hjá yður Þakka yður fyrir! Þjer hurfuð okkur svo skyndilega á Þingvöllum að jeg hefi ekki verið í rónni síðan. Vði áttum eftir að tala svo margt saman. Við vorum að tala um hana dóttur mína, þegar kallað var á yður í símann. Og þjer töluðuð svo skáldlega eins og yðar var von og vísa. Hvað var það nú aftur, sem þjer sögðuð um hana dóttur mína?

— Jeg sagði að hún væri hreinn og ósvikinn Arí.

— Ar-Arí, mælti frúin og saup hveljur. Það kom ógurlegur reiðiglampi í augu hennar. Og þegar hún náði andanum, mælti hún fast og beit á jaxlinn:

— Aldrei hefi jeg flaskað eins á neinum manni og yður. Já, það er oft flagð undir fögru skinni. Arí — ekki nema það þó. Það var alveg óþarfi af yður Mr. Snorrason að bendla okkur við þá úrþvættisþjóð. Komdu Lily, við hlustum ekki á þennan mann lengur.

Hún stóð á fætur og þreif í handlegginn á ungfrúnni. Það varð ekki af kveðjum, nema hvað Lily leit bláu augunum ásakandi á mig um leið og hún fór.



Blóm úr sjálfsala er nú hægt að fá í Berlín. Á hvaða tíma sólarhrings sem er geta menn nú fengið sjer blómvönd með því að stinga 50 pfennigapening í sjálfsala.

Kennið börnunum að elska dýrin.

Eftir Jón Pálsson, formann Barnaverndarnefndar.

Þeir voru aðeins sjö drengirnir, sem stofnuðu „Fuglafjellagið Fönix“ 27. febrúar 1934, á 90. fæðingardegi fuglavinarsins alkunna, P. Nielsens sál. frá Eyrarbakka, og í minningu um hann. Nú eru fjelagsdrengir þessir um 30 talsins, en gætu vitanlega verið miklu fleiri og mættu vera það, ef nóg viðeigandi verkefni væri til fyrir þá þessu líkt, því að þeir hafa rækt starf sitt með mestu kostgæfni og þryði, enda er árangurinn af því öllum auðsær. Áður en fjelagsskapur þessi hófst, voru hjer aðeins fáeinir viltar endur, endrum og eins, alt sumarið og sjaldnast fleiri en 10 eða 12; nú í vetur, og það um háveturinn, frá október til febrúarloka, mátti telja þær í tugatali daglega og flestar voru þær 158 talsins í einu, 25. nóv. f. ár, en að meðaltali 87 á hverjum degi á þessum 5 mánuðum og það á kaldasta tíma ársins. Þær komu venjulega um dagmálabilið, fljúgandi sunnan að og settust á Tjörnina, hvort heldur hún var auð eða ísi lögð, og biðu þess, að drengirnir eða aðrar góðir menn færðu þeim brauð eða mjölhrat „á miðdegisborðið“, en er liða tók á daginn, drógu þær sig fjær og flugu á brott, uns engin var eftir yfir nóttina.

Svanirnir voru aftur á móti æði óstöðugir, en oftast 5 að tölu og flestir 7; eigi að síður var auðsjeð, að þeir töldu sig eiga hjer friðland gott og framfærslustað fyrir sig, þegar að þeim þrengdi annars staðar, og ástæðulaust að stífa vængi þeirra til þess að halda þeim hjer. Sennilega eru þetta sömu svanirnir, sem nú byrja þriðja aldursár sitt í sumar og því eigi fullþroskaðir til að eignast afkvæmi sjálfir fyr en að sumri (1936) og væri því mikils um




Jón Pálsson.

vert að reyna að „halda þeim við trúna“ þangað til, án þess að leggja á þá neinar hömlur að svo komnu.

Það er ekki ætlun mín að dáfirna neina dygd í mínu eigin fari, þótt jeg í fáum orðum minnist á fjelagsstofnun þá, er hjer um ræðir og tilhögun starfs þess, er drengirnir hafa haft undir minni leiðsögn síðastliðið ár, því að jeg tel það skýlausa skyldu hvers manns að leiðbeina börnum og unglingum í öllu því, er þeim má til gleði og gagns verða, leita uppi viðeigandi verkefni handa þeim og vekja athygli þeirra á einhverju öðru betra og hollara viðfangsefni en eintómum ólátum og ærslafullu götulífi, og hvað mundi vera betur til þess fallið en að beina huga þeirra að betri aðbúð og meiri umhyggju fyrir dýrunum, hinum munaðarlausu málleysingjum, sem vjer mennirnir höfum þó svo mikla unun af og verðum að umgangast nærri daglega? Jeg hefi áður haldið því fram, að slík starfsemi, sem sú, er fjelagsdrengir þessir hafa með höndum, geti verið og eigi að til heppilegra uppeldisáhrifa fyrir börn.

Nú er jeg sannfærður um, að svo er, og skal jeg því víkja



Skólaskipið „George Stage“.

Um þessar mundir er hið nýja skólaskip „George Stage“, að leggja af stað í siglingu, með 80 ung sjómannsefni.

Við heilsuðumst og jeg settist hjá þeim. Það kom fljótt í ljós að stúlkan skildi ekki orð í íslensku. Hún sat hjá eins og álfur út úr hól meðan móðirin ljet dæla ganga:

Hún var ættuð úr Berufirði, fór vestur fyrir 30 árum, giftist kaupmanni, sem var ættaður af Vestfjörðum — bæði af gömlum og góðum íslenskum ættum — misti hann fyrir 10 árum — stjórnar versluninni. Bróðir hennar fell í stríðinu og hún hataði Þjóðverja, það væru verstu kvikindi á guðsgrænni jörð. Hún væri vel efnuð og verslunin gengi vel og dóttir sín fengi laglegan heimanmund og arf.

Jeg var orðinn gagnkunnugur högum þeirra eftir fimm mínútur. En jeg kendi í brjóst um ungu stúlkuna að sitja hjá og skilja ekki neitt, svo að jeg spurði frú Johnson á ensku:

— Hvað ætlið þjer og hún fagra dóttir yðar að dveljast lengi hjer á Íslandi!

— Ó, þjer kunnið ensku! hrópaði frúin. En hvað það var gaman!

— Ó hvað það var gaman, sagði ungfrúin, klappaði saman lófum og roðnaði.

— Við ætlum að vera hjer þangað til hún Lily mín hefir lært íslensku. Hún heitir Lilja í höfuðið á henni ömmu sinni, en við köllum hana altaf Lily og það eigið þjer að gera líka Mr. Snorrason.

— Já hún á það skilið að læra vel íslensku, mælti jeg. Það er langt síðan að jeg hefi sjeð nokkurn, sem fæddur er vestanhafs hafa jafn glögg Íslendinga ein-kenni.

— Ó, hvað það er fallett af yður að segja þetta, mælti móðirin stolt. Hann sagði það líka altaf hann Jón minn sálugi, að það gæti ekki hjá því farið, þegar Austfirðir og Vestfirðir blönduðu blóði, að út af því kæmi ósvikinn Íslendingur. En hún er nú bara stúlka hún Lily mín, og þess vegna vildi jeg að hún fengi gott gjaforð hjer heima, svo að kynfestan haldist í ættinni. En hvað finst yður helst benda til þess hjá henni að hún sje Íslendingur?

— Það er nú t. d. þetta fagra

og bjarta hár, sem rauðagullslit slær á. Og svo eru það augun. Jafn blá og falleg augu hefir enginn, sem ekki er af hreinum norrænum kynstofni. Og andlitsfallið alt. Þjer hafið eflaust tekið eftir þessu öllu. En jeg veit ekki hvort þjer hafið tekið eftir einu. Það eru eyrun. Hafið þjer tekið eftir því hvernig þau eru og hvernig þau benda á ætternið — — —?

— Sími til yðar!

— Afsakið mig, mælti jeg og stóð upp.

Frúin var að hugsa um að malda í móinn, en hætti við það. Hún stóð alveg á blístri.

— Þjer komið aftur, sagði hún.

Og unga stúlkan horfði bláu augunum biðjandi á mig.

Fenginn varð jeg að losna. Og jeg sá svo um að fundum okkar bar ekki oftast saman á Þingvöllum.

Nokkrum kvöldum síðar sat jeg einn við borð í Hótel Borg.

Alt í einu glymur við eyrað í mjer á ensku:

— Nei, það var gaman að hitta

að umtalsefninu og skýra frá því í hverju starfsemi drengjanna í fuglavinafjelaginu er fólgin. Frumkvæðið að fjelagsstofnuninni átti jeg — og er mjer það nú mikið gleðiefni — og ætlaðist jeg í fyrstu til þess að drengirnir væri aðeins sjö, eins og dagarnir í vikunni, og hefði hver drengur sinn ákveðna dag vikunnar til þess að afla fuglunum fæðu (brauðs) og gefa þeim hana, en þá bar stundum svo við, að einhver drengurinn fatlaðist frá, varð veikur eða flutti úr bænum, einkum um sumartímann; var því þörf á að til væri einn eða fleiri varamenn, og það stóð ekki á því að þeir fengjust, og nú er þeim skift í flokka, 3 og 4 í hverjum, er gegna störfum þeirra, er forfallaðir kunna að verða, svo að enginn dagur falli úr, því að ásetningurinn er að hæna fuglana, og einkum viltu endurnar, að bænum. Þetta hefir þegar tekist vonum frammar, sem sjá má af fjölguninni á þessu eina ári eða rúmlega það, sem fjelagið hefir starfað.

Þá má og geta þess, að fjöldi annara barna og margir fullorðnir hafa runnið í sama kjölfarið sem fjelagsdrengirnir og gefið fuglunum mat. Jeg hefi oft sjeð smábörn vera í fylgd með foreldrum sínum með fult fangið af brauði sem fuglarnir hafa fengið, og er það gleðilegur vottur þess, að slíkir feður og þvílíkar mæður vilja venja börn sín á að hugsa um dýrin og hygla þeim. En áður var það altítt, að maður sá jafn vel smábörn fleygja grjóti og mól að fuglunum og fæla þá frá sjer, vitanlega í hugsunarleysi og af óvitaskap. — En er hjer ekki um gleðilega breytingu og framför að ræða?

Hver flokkur hefir sína dagbók fyrir sig og skrifar í hana á hverjum degi tölu þeirra fugla, er „sitja til borðs“ hjá honum; þess vegna er nú til skrá um alla þessa „gesti“ fyrir hvern dag, síðan fjelagið var stofnað og má gera ráð fyrir að nokkur fróðleikur verði í því



Frá brúðkaupi Görings.

Efst á myndinni sjest hjónavígslan. Ríkisbiskupinn, Müller, gaf brúðhjónin saman. — Neðst til hægri sjest Hitler vera að koma úr kirkju og til vinstri: Brúðhjónin heilsa mannfjöldanum.


fólginn, er stundir líða fram og árunum fjölgar. Bækur þessar eða skrár færa fjelagsdrengir mjer síðan sunnudag hvern, kl. 3½, er þeir mæta á fundum sínum með mjeri Oddfellowhúsinu. Segi jeg þeim þá sögur og æfintýri og ræði við þá um ýmislegt það er jeg veit að þeir hafa gaman af, en sem jafnframt getur verið þeim til gagns og leiðbeiningar í þessu starfi þeirra og lífi síðar meir; auk þessa sýni jeg þeim kvikmyndir o. s. frv. Hafa margir foreldrar þessara barna beinlínis látið þess getið við mig, að drengirnir vildu ekki fyrir neinn mun missa af þessum fundum og að það væri þeim hin mestu vonbrigði, ef þeir fjelli niður eða þeir gæti ekki sótt þá, enda

mæta þeir oftast með tölu og eru svo stundvísir, að engu skeikar, svo siðprúðir og stiltir, sem framast má verða, og hlusta hljóðir og þögulir á alt það sem þeim er sagt. Mjer er því hin mesta ánægja og unun að slíkum samverufundum við þá, enda eru þeir allir hin prýðilegustu börn.

Eins og nú er komið uppeldismálum barna og unglunga hjer í bæ — en til þeirra þykist jeg nú þekkja nokkuð —, er jeg í engum vafa um, að slíkrar starfsemi sem þessarar, er hin brýnasta þörf og engu síður meðal stúlkna en drengja. Þau vantar verkefni við sitt hæfi og það ætti að vera auðvelt að láta þeim þau í tje. Eða hvað segja

menn um hin svonefndu „vand-ræðabörn“? Jeg ætla ekki að lýsa viðkynningu minni eða annara við þau, en þeim fer stöðugt fjölgandi. Þó er hjer oftast um bestu og mestu mannsefni að ræða, eðli þeirra og innræti margra hverra, jafnvel flestra, er gott, en aðstæður þeirra og máské uppeldi alls ekki ákjósanlegt nje affarasælt. Hvað á að gera fyrir þau og hvað er unt að gera? **Ekkert annað, sem að gagni kemur en það, að eiga gott hæli** fyrir þau og jeg held, að ekki geti liðið á löngu, að slíkt hæli hljóti að verða stofnað og væri því béttra sem fyr er. Það hlýtur sem sje að reka að því, fyr eða síðar, að hver einasti sémilega greindur og góður maður sjái hvert stefnir með æsku og ungmenni þessa bæjar, að hann krefjist þess að barnahæli fyrir vandræðabörn (sem í daglegu tali eru nefnd „vand-ræðabörn“) komist upp, svo að unt verði að bjarga þeim frá yfirvofandi voða, er nú bíður þeirra sjálfra og bæjarfélagsins í heild sinni.

Meira verður ritað um þetta mál síðar, því að það má ekki þegja í hel, svo er nauðsynin á því aðkallandi.



Donker-demantinn,

sem fanst í Suður-Afríku í fyrra og sem er fjórði stærsti demant í heimi. Demantaverslunin, sem á steininn vill nú selja hann og amerískur skrautgripasali vill kaupa hann fyrir 2 miljónir kr.

Við útvarpstækið.

Eftir Jóh. Jørgensen.

Grein þessi birtist í einu af stórbliðum Norðurlanda, rjett fyrir síðustu áramót, hún sýnir greinilega þann almenna ugg og ótta, sem alment ríkir í Frakklandi um innrás af hálfu Þjóðverja inn í landið. Má og telja fullvíst að á síðustu tímum hafi þessi ótti nokkuð ágerst. Þýð.

Við sitjum í dagstofu sóknarprestans í litlu sveitaborpi, uppi á Burgundarhæðunum. Eftir miðdegisverðinn spyr ráðskona hans okkur, hvort við viljum heldur drekka te eða ávaxtavín. Við kjósum heldur te.

Presturinn er maður kominn mjög til fullorðins ára, er 76 ára gamall, en er þó enn í fullu fjóri. Ráðskonan er nokkuð fullorðin, en einkar viðfeldin. Einnig er þarna staddur járnbrautarstöðvarstjóri, sem er kominn á eftirlaun. Hann er veiðimaður með lífi og sál, veiðar sínar stundar hann í Burgundarskurðinum, og veiðir aðallega aborra en stundum silung. „Silungurinn er svo tregur að bíta á öngulinn, að mjer gefst venjulega best að taka hann með höndunum“, segir hann.

„Með höndunum! Monsieur Dupin?“

„Já, einmitt það! Maður fer hægt og gætlega með hendurnar niður í vatnið, þar sem silungurinn liggur í botngróðrinum, og byrjar svo að strjúka honum ofurhægt.“

Við vorum alveg hissa. „Eruð þjer frá Marseille?“ spyr presturinn. (Marseille-búar eru taldir verð nokkuð ýknir, og flestar blaðaskrítlur eru hafðar eftir þeim.)

En Monsieur Dupin er ekki frá Marseille, hann er frá Autun.

Svo gefur hann nánari skýringu á þessari veiðiaðferð. „Silungurinn liggur kyr í botngróðrinum, það er ofurlítill straumur í vatninu, og straumurinn hreyfir botn-

gróðurinn til, þannig að hann strýkur silungnum; maður leitast við með stökustu gætni að gera eins. Maður strýkur á móti hreystrinu hægt og hægt, þar til tækifæri gefst til að smokra fingrunum inn í tálknin á fiskinum, og þá er maður viss með að ná honum.“

„En Monsieur Dupin! Þetta er ómannúðleg veiðiaðferð“, sagði ráðskonan.

„Bragðaðist hann ekki fullvel, silungurinn, sem jeg sendi yður síðastliðinn föstudag? Eh bien — hann var samt veiddur á þennan hátt.“

Fyrir utan okkur fjögur, sem þegar erum nefnd, var enn fremur staddur þarna liðsforingi úr hernum, maður rjett um fertugt. Hann hafði tekið þátt í heimsstyrjöldinni, og verið þvínæst um nokkurt skeið í Marokko. Honum hafði verið veitt í heiðursस्कyni samdarmerki heiðursfylkingarinnar, stríðsskrossinn og Afríku-krossinn. Eins og mörgum liðsforingjum á hans aldri, var honum kærast að vera ekki einkennisbúinn; einkennisbúningurinn minti á svo margar þrautir og þjáningar. Jeg spurði hann, hvort hann væri friðarvinur. „Auðvitað er jeg það“, svaraði hann. „Maður er líka orðinn afvanur ófriði; það er að visu ekki eins viðburðaríkt líf á friðartímum“. Þvínæst berst talið að hinum voldugu víg-girðingum við austurlandamærin. „Er það satt, að fallbyssurnar þar dragi alla leið til Kostanz?“ spurði jeg. Liðsforinginn ypti öxlum. — „Það er hreint ekki aðalatriðið“, svaraði hann, um leið og hann lagði frá sjer vindlinginn og hagræddi sjer í hægindastólnum. „En þetta! Að á síðustu 50 árum, og tæplega það, 1870 og 1914, höfum við tvisvar fengið heimsókn af Þjóðverjum inn fyrir landamærin, það er aðalatriðið. Við erum ósammála um margt hjer í Frakklandi; en allir eru fullkomlega á eitt sáttir í því efni, að við vilj-